

SJÁLFVIRK HITASTÝRING


LEIÐBEININGAR



 **NORMX**

AUÐBREKKA 6 • KÓPAVOGI • SÍMI 565 8899 • normx.is

SJÁLFVIRK HITASTÝRING



STÝRINGIN ER FORSTILLT

Til að kveikja á stýringu er rofanum snúið á 2. 1 er óvirkur.

PV - Efri gluggi.

Rauðar tölur, sýna hita í potti.

SV - Neðri gluggi.

Grænar tölur, sýna vinnugildi eða valin hita í potti.

Til að breyta völdum hita í potti, **SV** (grænar tölur) er eingöngu notast við örvatakka - (AT - RUN - STOP).

Hita á innstreymi er stjórnað með blöndunarloka, ágætt er að miða við að innstreymi í pottinn sé 2-3 gráðum heitara en valinn hiti á stýringu, SV (grænar tölur). Hiti á innstreymi sést á hringlaga hitamæli.

Hús fyrir hitanema skal staðsetja 5-7cm neðan við yfirfall í pottinum.



STILLA EÐA GERA BRETÝINGAR Á TÖLVUNNI

Komast þarf í “Loc1” stillinguna til að stilla tölvuna eða gera breytingar.

Það er gert með því að halda takkanum lengst til vinstri inni (hringörvatakki). Eftir u.þ.b 2 sek. birtist HIA á skjánum. Fletta þarf áfram með því að ýta nokkrum sinnum á sama takka. Þá birtist Loc1 á skjánum. Tölvunni 1 er breytt í 808 með upp/ niður og hliðar takkanum.

LOC 808:

Hér er farið inn til að breyta stillingunum. Þegar 808 hefur verið valið er flett í önnur gildi með því að ýta á hringörvatakkan. Þessi stilling fer sjálfvirk af eftir augnablik eða þegar slökkt er á stýringunni. Ath; það getur þurft að fara aftur inn í Loc 808 ef aðgerð hefur tekið of langan tíma.

AHY: Kemur í veg fyrir að aðvörun fari alltaf á eða af vegna flökkts á gildi, venjulega stillt á 2.

AD OFF

AOP 111

CrL OnF

RUN Hold

Act re

AT OFF

P Stilla á 1.0

I Stilla á 0

D Stilla á 0.0

CtL Stilla á 15.0

Aðgerð til að stilla hvenær rennsli byrjar/stoppar, (frávik)

CHY **Venjulega er CHY stillt á 1,0°C.** Þetta þýðir að þegar hitinn í pottinum hefur lækkað um 1° frá völdu hitastigi hefst rennsli í pottinn á ný.

INP 21

dPt Stillt á 0,0

Scb. **Þegar leiðréttu þarf hitanema.**

Ef hitanemi, PV (rauðar tölur) sýna ekki réttan hita, t.d. 38°C þegar hitamælir út í potti sýnir 40°C, þá er hægt að leiðréttu nemann með upp/niður tökkum, bæta t.d við +2 Ath: Nauðsynlegt er að vista breytinguna með því að ýta á hringörvatakkan. Eftir nokkrar sekúndur fer tölvun sjálf í upphafstöðu. Það gæti þurft að endurtaka ef ekki tekst að hitta á rétta breytingu í fyrsta skipti.

FIL Stilla á 1

FRU 50c

AF 32

SPL -199

SPH **Stillt á 45° sem hámarkshita í potti.**
(Ef hiti á vatni í pottinum fer yfir 45° gráður þá lokast fyrir rennsli út í pottinn)

PNO 0

Pnop cont

Paf 0

ALGENGAR SPURNINGAR OG SVÖR

Rennsli í pottinn stoppar og fer ekki í gang aftur fyrr en eftir smá stund.

Yfirhitavarinn er mjög líklega að slá út vegna þess að vatnið sem rennur í pottinn er of heitt. Athugið hita á vatninu sem rennur í pottinn, það ætti að vera 2-3 gráðum heitara en valinn hiti á stýringunni.

Potturinn er of heitur.

Er nýbúið að fylla pottinn? Þá er eðlilegt að hann sé aðeins heitari en valið hitastig þar sem heitara vatn rennur í gegnum blöndunarlokann. Valinn hiti á blöndunarloka ætti að vera 2-3 gráðum heitara en valinn hiti á stýringunni.

Það rennur stanslaust í pottinn eða vatnið í pottinum verður ekki eins heitt og ég er búinn að stilla valið hitastig á.

Athugið hita á vatninu sem er að renna í pottinn, það ætti að vera 2-3 gráðum heitara en valinn hiti á stýringunni. Ef kaldara vatn en valið hitastig rennur í pottinn, þá nær potturinn ekki réttum hita og það rennur stanslaust í pottinn.

Hitanema skal koma fyrir í þar til gerðu húsi/vasa sem skal vera staðsett ca.5-7 cm undir vatnsyfirborði (yfirfalli).

Við mælum með að setja leiðnifeiti inn í húsin/vasana til að auka næmni hitanemans.

Þegar hitaneminn er dreginn í rör að pottinum, þá ráðleggjum við að skilja þann enda hitanemans sem fer í pottinn eftir úti og draga þann enda sem tengist í stýringuna inn. Þannig er hægt að koma í veg fyrir að hitaneminn skemmist í ídrættinum ef rörið er þröngt sem dregið er í.

